

10 **Brjef landshöfðingja til sýslumannsins í Gullbringu- og Kjósarsýslu um synj-**
21. febr. un á leyfi til að halda lotterí. — Með þóknanlegu brjefi, dagsettu 1. þ. m., hafið þjer, herra sýslumaður, sent hingað beiðni Good Templarastúkunnar Trúarinnar nr. 38 í YtriNjarðvíkum um leyfi til að halda lotteri til ágóða fyrir stúkuna á grip, er kosti allt að 40 kr.

Útaf þessu skal yður hjermeð þjónustusamlega til vitundar gefið til þóknanlegrar leiðbeiningar og frekari birtingar, að jeg eigi sje mjer eigi fært að veita leyfi til að halda lotteri um grip, er að eins nemur 40 kr., enda mun ástandið í Gullbringusýslu nú þannig, að varla er ástæða að gefa leyfi til að halda þar lotteri.

11 **Brjef landshöfðingja til stíptsyfirvaldanna yfir Íslandi um viðbótarlán handa**
22. febr. prestakalli (til kirkjubyggingar) — Í viðbót við 2000 króna embættislán það, er prestinum að Ásum í Skaptártungum, síra Sveini Eiríkssyni, var leyft að taka upp á prestakallið til að byggja nýja kirkju í Gröf fyrir hinar sameinuðu Ása- og Búlandssóknir með brjefi mínu, dagsettu 22. júní 1895, vil jeg hjermeð samkvæmt tillögum yðar, herra amtmaður, og yðar, herra biskup, fallast á það að síra Sveinn Eiríksson megi taka allt að 400 kr. viðaukalán uppá prestakallið til kirkjubyggingarinnar, þannig að lán þetta endurborgist með vöxtum á 20 árum, eins og aðallánið, af tekjum Ásaprestakalls að því leyti sem það eigi getur endurborgazt af Grafarkirkju.

Þetta er yður hjermeð þjónustusamlega til vitundar gefið til þóknanlegrar leiðbeiningar og frekari birtingar.

12 **Brjef landshöfðingja til amtmannsins yfir Norðuramtinu og Austuramtinu**
23. febr. um kjörgengi verzlunarþjóns við bæjarstjórnarkosning. — Með brjefi, dagsettu 28. f. m., er hingað hefir borizt beina leið, hefir Páll Jónsson verzlunarþjónn á Oddeyri kært fyrir mjer úrskurð bæjarstjórnarinnar á Akureyri, uppkveðinn á 2. fundi hennar þ. á., er staðfestir úrskurð kjörstjórnar við bæjarstjórnarkosning, er framfór þar 4. f. m., en með síðarnefndum úrskurði var svo ákveðið, að nefndur verzlunþjónn yrði eigi tekinn upp á kjörskrá.

Úrskurðir þessir eru byggðir á því, að verzlunarþjónar, sem eigi hafi sjálfstætt húshald, verði að teljast öðrum háðir, sbr. 4. gr. laga 8. okt. 1883, um bæjarstjórn á Akureyri, og hafi því eigi kosningarrjett, og að nefndur verzlunarþjónn því eigi ekki kosningarrjett og kjörgengi við bæjarstjórnarkosningu, með því að hann verði að álitast ráðinn á sama hátt sem aðrir verzlunarþjónar, og hafi eigi sjálfstætt húshald.

Með því að jeg verð að fallast á framantaldar ástæður, skal áðurgreindur úrskurður bæjarstjórnarinnar á Akureyri standa óhaggadur. **12**
25. febr.

Þetta er yður, herra amtmaður, þjónustusamlega til vitundar gefið til þóknanlegrar leiðbeiningar og birtingar fyrir bæjarstjórn Akureyrar og kær-
andanum.

Brjef landshöfðinga til stiptsyfirvaldanna yfir Íslandi um samning verðlags- 13
skráa. — Í þóknanlegu brjefi, dagsettu 7. þ. m., hafið þjer, herra amtmaður, og 23. febr.
þjer, herra biskup, skýrt frá því, að sýslumenn hafi lagt mjög sundurleitan
skilning í 2. gr. laga 6. nóvbr. 1897, um undirbúning verðlagsskráa, þar sem
svo er ákveðið, að sýslumaður semji eptir verðlagsskýrslum þeim, er hann með-
tekur frá hreppum og kaupstöðum, aðalskýrslu fyrir sitt hjerað, sem hann því
næst sendi stiptsyfirvöldunum, en þau skuli staðfesta verðlagsskrá fyrir hvert
hjerað og annast um prentun hennar og birting. Hafi sumir sýslumennirnir
sent yður til rannsóknar og staðfestingar fulltilbúnar verðlagsskrár fyrir sitt
hjerað, en aðrir aptur á móti verðlagsskýrslur, svo að þjer hafið orðið að semja
verðlagsskrárnar, sem þessvegna koma fram í þetta skipti sem samdar af yður,
eins og að undanfögnu, enda hafi sýslumenn yfir höfuð og þá einnig þeir, sem
samið hafi fullkomnar verðlagsskrár, eigi farið eptir fyrirmælunum í síðasta staf-
lið fyrnefndrar lagagreinar. Hafið þjer tekið það fram, að þjer sjeuð þeirrar
skodunar, að skilja beri áðurgreind fyrirmæli laganna um tilbúning verðlags-
skráa svo, að sýslumenn eigi að semja og senda stiptsyfirvöldunum tilbúnar
verðlagsskrár og að þau svo eigi að gagnskoda þær og staðfesta, eptir að þau
hafi leiðrjett skrárnar, ef þörf er á, og jafnframt, með því að hinn umræddi
lagastadur sje eigi ótvíræður, skotið til mín að segja fyrir um rjettan skilning á
optnefndri lagagrein öllum hlutadeigendum til leiðbeiningar eptirleiðis.

Út af þessu skal yður hjermeð þjónustusamlega til vitundar gefið til
þóknanlegrar leiðbeiningar, að jeg er yður samdóma um það, að sýslumönnum
beri samkvæmt optnefndri lagagrein, að semja verðlagsskrá, hverjum fyrir sitt
hjerað, en stiptsyfirvöldunum að eins að staðfesta hana með þeim leiðrjettun-
um, sem þörf kann á að vera.

Samkvæmt ósk yðar hefi jeg gjört ráðstöfun til þess að prentuð verði
eyðublöð undir verðlagsskýrslur kaupstada og hreppa, og munu yður á síðan
verða afhent þau.

Brjef landshöfðingja til bæjarfógetans í Reykjavík um ne tun á leyfi til að 14
halda lotterí. — Í erindi, er hingað hefir borizt beina leið, hefir Þorsteinn Egils- 24. febr.
son fyrir hönd sjómannafjelagsins »Bárunnar« beiðzt leyfis til að halda lotterí á
þessu ári innan nóvbr. loka »til eflingar fyrir húsbyggingu« handa fjelaginu.